

Fundargerð Stjórnar FASK

8 fundur. 8. Jan 2021 kl 09:00

1. Undirbúningur fyrir aðalfund 2021

Samþykkt að fela formanni að útbúa auglýsingu fyrir aðalfund 2021 í samræmi við umræður á fundinum. Fundurinn verði rafrænn á teams og hann haldinn 25. Janúar kl x, eftirfarandi mál verða á dagskrá fundarins.

1. Skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá
2. Ársreikningur
3. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda
4. Ákvörðun um árgjald
5. Lögð fram starfsáætlun næsta árs.
6. Önnur mál.

Stjórn leggur til eftirfarandi um ákvörðun um árgjöld:

Samþykkt að leggja til að félagsgjaldi fyrirtækja verði óbreytt og það veðri áfram 12.500.- kr.

Stjórn leggur til að einstaklingsgjald verði hækkað úr 2.500.- kr í 6.750.- kr og þannig jafnað vægi greiðslu félagsgjalda og vægi atkvæða sem fylgja félagsaðild einstaklinga og fyrirtækja.

Stjórn leggur til að hægt verði að gerast vildaraðli að FASK og styrkja það með 2.500.- kr framlagi, framlaginu fylgir ekki atkvæðisréttur innan félagsins, hvorki á aðalfundi né félagsfundum.

Samþykkt að óska eftir tilboði í gerð ársreikninga, Bergþóru falið að afla tilboða í ársreikningagerð.

Samþykkt að auglýsa aðalfundinn í næsta blaði Eystrahorns, viðburðasíðu Hornafjarðar á Facebook, félagssíðu FASK og á heimasíðu FASK www.ferdaskaft.is

Formanni falið að útbúa drög að skýrslu stjórnar og senda til nefndarmanna til yfirlstrar

Gjaldkera falið að afla tilboða og ganga frá gerð ársreiknings fyrir félagið

Formanni falið að útbúa drög að starfsáætlun fyrir næsta ár

2. **Upplýsingar um samráðsfund með VJP**

Haukur kynnti helstu umræður sem fram hafa farið hjá Vinnhóp VJP og FASK, umræður sköpuðust um Vakann og mikilvægi þess að verklagsreglur næðu að fanga öryggissjónarmið gesta og umhverfissjónarmið þess svæðis sem unnið er með hverju sinni. Þau yrðu að vera þess eðlis að tryggja þessa þætti, þannig að þau séu ekki of ströng né of veik. Einnig rætt um mikilvægi þess að horfa á menntun sem leið til að auka þekkingu, færni, leiðsögumanna og þjónustu stig og öryggi gesta. Rætt var um Landvarðanámskeið, þar sem skráningu líkur 11. Janúar n.k og félagsmenn hvattir til að kynna sér það námskeið, formanni falið að senda slóð á námskeið á Facebook síðu félagsmanna og kynna námskeiðið.

Haukur gerði grein fyrir umræðu um gjalddskrá og tveggja þátta gjaldi, eitt fast gjald m.v stærð leyfis og fjölda gesta sem fylgja því leyfi, þannig væri það greitt óháð notkun, leyfisgjaldið væri lágt og til þess að kosta vinnu VJP við útgáfu leyfa og utanumhald og lágmarks eftirlit. Einnig væri hlaupandi gjald eftir notkun og það væri hærra, það gjald væri til að tryggja eftirlit, landvörslu, aðgengi að svæðum, svo sem uppbyggingu vega og göngustíga o.fl. Og einnig viðhald á vegum, svo sem snjómokstur þegar færð spillist. Gjöldin yrðu lág per persónu en myndu hjálpa til við að tryggja megin markmið fyrirtækja sem starfa innan garðsins og VJP sjálfs.

Haukur gerði grein fyrir mismunandi stærð leyfa sem unnið væri með og hvernig þeim myndu fylgja mismunandi ábyrgð í öryggis- og aðgengismálum.

3. **Skipulag félagsfundar útaf íshellum**

Haukur lagði til að fundurinn yrði haldinn n.k mánudag kl 9:00, samþykkt samhljóða.

4. **Samtal félagsmanna og FASK við SVH vegna úthlutun leyfa til íshellaskoðunar**

Rætt var um mikilvægi þess að félagsmenn FASK geti komið sýnum sjónarmiðum umbúðarlaust til VPJ, Ríki Vatnajökuls og SVH. Stjórn FASK áttar sig á því að mismunandi sjónarmið eru um úthlutun leyfa og margt sem því fylgir svo sem innleiðingu Vakans og mismunandi kröfur.

Stjórn FASK leggur því til að boðað verði til félagsfundar þar sem umræða um leyfin og Vakann geti verið rædd heildstætt og út frá öllum hliðum. Þannig geti einstaklingar og fyrirtæki sagt sína skoðun og VJP og SVH hlustað umbúðarlaust á mismunandi sjónarmið félagsmanna FASK.

Formanni falið að leita til SVH og VJP og Ríki Vatnajökuls um skipulag á slíkum fundi og

reyna koma honum á dagskrá.

5. Önnur mál

Námskeið: Bergþóra kynnti tillögu að námskeiðinu Hagnýt Mannauðsstjórnun og dagsetningu þess 27. Janúar frá kl 9-12 og 28. Janúar 9:12. Stjórn samþykkti tillögu Bergþóru, ákveðið að námskeiðið yrði rafrænt vegna covid og að FASK niðurgreiði námskeiðið um allt að 200.000.- kr til að það geti orðið af því.

Haukur gerði grein fyrir því að hann hafi verið kallaður inn á fund svæðisráðs VJP til að kynna þá vinnu sem fram hefur farið milli FASK og VJP vegna vinnu við íshella:

Haukur gerði grein fyrir tp sem hann fékk frá SVH um viðhorf hans til Vakans.

Bergþóra lagði til að skoðað yrði að senda aftur út könnun sem send var út til félagsmanna í haust. Samþykkt að setja það inn á starfsáætlun næstu stjórnar.

Rætt var um að nú væri viðkvæmur tími hjá mörgum ferðapjónustuaðilum vegna erfiðleika í rekstri. Heyrst hafi af viðkvæmum málum um landið. Nú sé mikilvægt að halda áfram að vera bjartsýn og styðja við hvort annað. Rætt var um mikilvægi þess að samfélagið styðji við þá sem þurfi aðstoð að halda, það geti falið í sér aðra aðstoð en fjárhagsaðstoð svo sem stuðning við að hafa aðgang að sálfræðing. Stjórn FASK hefur áhyggjur af aðstæðum en fullvissar félagsmenn sem og aðra að bjartari tímar séu framundann.

Formanni falið að ræða við SVH um hvort það hafi hugað að því að bæta í þá þjónustu við íbúa SVH.

Fundi slitið: 11:03